


WÉLO

FIMMTUDAGUR 5. OKTÓBER 2017

Tíska



Í Efra-Breiðholti stendur Ganamær og fléttar litríka lokka og perlur í hár kvenna á öllum aldri og af mörgum þjóðernum. ➔10

Gaman að finna gersemar

Védís Friða Óskarsdóttir myndlistarnemi fer eigin leiðir þegar kemur að tísku. Hún segir að það sé til svo mikið af fötum í heiminum að hún kaupir nær eingöngu notaðan fatnað. ➔2



Védís Friða keypti græna bolinn á Fatamarkaðnum við Hlemm. Pilsid er úr Zöru og sokkabuxurnar úr Rauðakrossbúðinni. Bakpokinn er frá Yves Saint Laurent og keyptur í Góða hirðinum, líkt og eyrnalokkarnir. MYND/EYÞÓR



KAUPHLAUP

1 vara 2 vörur 3 vörur
10% 15% 20%

comma,
SMÁRALIND

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Fjölskyldan mín ákvað eiginlega að ég yrði listakona strax þegar ég var á unga aldri þar sem ég gerði lítið annað en að teikna. Það var engin þvingun því ég kann hvort eð er ekkert annað. Nema kannski að elda," segir Védís Friða Óskarsdóttir. Hún er á öðru ári í sjónlistadeild við Myndlistaskólann í Reykjavík. Samhliða náminu vinnur hún á sambýli hjá Reykjavíkurborg.

Spáir þú mikið í tisku? Ég get verið föst í tölvunni tímunum saman á meðan tiskuvikan í New York stendur yfir, en spái lítið í hvað er í tisku þegar ég kaupí föt á sjálfa mig.

Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl? Ég myndi lýsa honum sem mjög óreglulegum.

Hvar kaupir þú helst fötin þín? Ég versla aðallega hjá Rauða krossinum og Hjalpræðishernum en svo rata ég einnig oft inn á skemmtilega markaði og í leyndar nytjabúðir.



Védís Friða er í peysu af ömmu sinni, leðurjakka sem hún keypti í Rauðakrossbúðinni og innan undir er hún í svörtum kjól frá Monki. MYND/EYÞÓR



Alltaf eitthvað nýtt og spennandi

Netverslun á tiskuhús.is

Stærðir 38-52

My Style tiskuhús

Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

Áttu þér uppáhaldsfataverslun? Það er svo ógurlega mikið til af fötum í heiminum að ég kaupí eiginlega bara notuð föt. Mér finnst sérstaklega gaman að fara á fatamarkaðinn við Hlemm, þar leynast helstu gersemarnar.

Hvaða föt eru í mestu uppáhaldi hjá þér? Föt sem er erfitt að greina hvort manni finnst vera hryllingur eða tærasta snilld. Svo er efnið auðvitað eitt það mikilvægasta að mínu mati.

Hvaða flik hefur þú átt lengst og notar enn þá? Það mun vera fölbleika Spaksmannssparaskyrtnan mín sem ég keypti á 100 kall í Kola-portinu fyrir um það bil 10 árum. Ég hef notað hana rosalega mikið í gegnum tíðina, enda sést það vel á henni.

Uppáhaldshönnuður? Alessandro Michele, yfirhönnuðurinn hjá Gucci, er búinn að gera magnaða hluti upp á síðkastið.

Notar þú fylgihluti? Ég á mjög mikið af skartgripum en nota þá örsjaldan, set þá kannski á mig og rif þá af mér áður en klukkutími er liðinn. Ég kaupí samt alltaf meira af skartgripum þrátt fyrir að vera hundrað prósent meðvituð um þessa hegðun.

Áttu þér tiskufyrirmynd? Já, flest allar úr sjónvarspáttum og bíómyndum frá 10. áratugnum. Buffy og Willow úr Buffy the Vampire



Skyrtan er keypt á fatamarkaði á Bar Ananas. Gallabuxurnar eru frá Tommy Hilfiger og beltið átti mamma Védísar Friðu þegar hún var unglingur. MYND/EYÞÓR

Ég á mjög mikið af skartgripum en nota þá örsjaldan, set þá kannski á mig og rif þá af mér áður en klukkutími er liðinn.

Védís Friða Óskarsdóttir

Slayer og Cher úr Clueless myndu líklega þó teljast sem uppáhalds. Bestu og verstu fatakaupin? Bestu fatakaupin mín eru klossalegir pönkaraskór sem ég keypti á fatamarkaði háskólanema og passa við allt! Verstu kaupin eru goth tútúpils sem ég keypti í 8. bekk sem mér fannst ógurlega nett og kostaði 5.000 krónur sem var heilmikill peningur á þeim tíma, og svo að sjálfsögðu notaði ég það aldrei.

Er eitthvert tímabil sem þú tengir sérstaklega við í tiskunni? Já, aðallega 70's og 90's. Finnst þér gaman að klæða þig upp á? Aðeins of gaman stundum en ég má ekki hafa samt of mikinn tíma til að hafa mig til, þá fer allt til fjandans.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnar-efni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Frey Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Útgefandi: 365 miðlar

Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson

Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

Allir fylgihlutir með 20% afslætti
Valdar vörur með 50% afslætti

Frábær tilboð

KRINGLUKAST 8.495
verð áður 11.495

KRINGLUKAST 1.995
verð áður 3.995

KRINGLUKAST 3.995
verð áður 5.995

HAUSTYFIRHAFNIR Í ÚRVALI

Skoðið laxdal.is

BERNHARD LAXDAL

Vertu vinur á Facebook

Laugavegi 63 • Skipholt 29b • S: 551 4422

KAUPAUKI

Fyrstu 30 sem versla
fá **veglegan kaupauka**
ásamt **30% aukaafslátt** á
allt sem verslað er!

Gildir bæði í Kringlunni og
á Glerártorgi!

Stærðir
36-56

Kringlukast - Nýjar vörur á 20-50% afslætti!

Allar úlpur og valdar nýjar vörur á frábæru tilboði dagana 5-9.okt

ZIKZAK

T Í S K U H Ú S



Sækir innblástur í rappið

Hinn 18 ára gamli Anton Bjarki Olsen úr Efra-Breiðholti hefur rekið eigið fatamerki í tvö ár undir nafninu Olsen Clothing. Hann vill að hönnun sín skeri sig úr þegar hún sést á götum úti.

Starri Freyr
Jónsson
starri@365.is



Þrátt fyrir ungan aldur hefur Anton Bjarki Olsen rekið eigið fatamerki í tvö ár undir nafninu Olsen Clothing. Anton, sem er 18 ára gamall, býr í Efra-Breiðholti og á meðan hann er ekki að hanna og sauma eigin fót spilar hann tölvuleiki, fiktur við að semja eigin tónlist auk þess sem hann safnar skóm. „Ég hanna fót í „streetwear“ stíl og þá flíkur sem skera sig úr þegar þær sjást á götum úti. Í fyrstu hugsaði ég rosalega mikið út í hvað öllum öðrum fannst um fötin mín og hannaði út frá því. Í dag hanna ég það sem mér finnst flott og fót sem ég myndi sjálfur ganga í. Það er svo bara annarra að dæma hvort fötin mín henti þeim eða ekki.“

Anton Bjarki segist sækja mikinn innblástur til rappara. „Mér finnst áhugavert að skoða hvernig þeir klæða sig og fæ hugmyndir frá þeim. Einnig rekst ég af og til á einhvers konar myndum eða sé eitthvað öðruvísi sem gefur mér oft hugmynd að flik og svo hanna ég út frá þeirri hugmynd.“

Um þessar mundir vinnur Anton Bjarki að því að senda glænýjar vörur frá sér en þær má skoða og kaupa á Facebook (Olsen Clothing) og Instagram (olsenclo). „Svo er ég að byrja á nýju verkefni með félagi mínum Jóni Gunnari Zoega sem rekur líka eigið fatamerki. Við erum ekki enn búnir að ákveða hvort þetta verði heil fatalína eða ein stök flik en það verður allavega spennandi og áhugavert samstarf.“


Tískuáhuginn byrjaði snemma hjá honum eða um 13-14 ára aldurinn. „Þá byrjaði ég að hugsa rosalega mikið út í það hvernig ég klæddi mig og þess háttar. Reyndar vil ég meina að ég hafi alls ekki klætt mig fallega á þessu tímabili þar sem ég var að prufa mig áfram og læra að klæða mig.“

Hvernig myndir þú lýsa fatastílnum þínum? Eg myndi lýsa honum sem öðruvísi. Yfirleitt geng ég í fötum sem vekja athygli og blanda fötum saman á annan hátt heldur en yfirleitt sést.

Hvernig fylgist þú helst með tískunni? Eg nota aðallega Instagram og Google til að fylgjast með tísku. Svo fylgist ég alltaf með þegar




Hér klæðist Anton Bjarki Olsen tveimur flikum sem hann hannaði sjálfur, kakibrúnni Olsen „crewneck“ peysu og líka hvítum og gráum Olsen joggingbuxum. Hvítu skórnir eru frá Maison Margiela. MYND/ANTON BRINK



Fallegar peysur frá Olsen Clothing.



Peysan er svört Chapter One Olsen hettupeysa. Skórnir eru Jordan 4 Thunder 2012. MYND/ANTON BRINK



Svört og hvít Smokey Olsen „crewneck“ peysa og Victor Cruz Rush Blue skór. MYND/ANTON BRINK

uppáhaldshönnuðirnir mínir gefa eitthvað nýtt út á síðunni sinni.

Áttu þér uppáhaldsverlanir hér heima og erlendis? Eg versla rosalega lítið á Íslandi en mér finnst mikið af flottum fötum í boði í Spútnik og Húrra Reykjavík. Ég á eiginlega ekki uppáhaldsverlanir erlendis þar sem ég versla aðallega út frá því hvernig fötin líta út, frekar en úr hvaða verslun þau eru.

Áttu þér uppáhaldsflik? Það koma rosalega margar flikur upp í hugann. Ef ég þyrfti að velja eina myndi ég líklega velja fyrstu flikina sem ég saumaði sem var steingrú peysa.

Getur þú nefnt dæmi um bestu fatakaup þín og um leið þau verstu? Bestu voru líklega skórnir frá fatahönnuðinum Maison Martin Margiela sem ég nota bara við sérstök tækifæri og held virkilega upp á. Ég man hreinlega ekki eftir að hafa gert fatakaup sem ég hef séð eftir.

Notar þú fylgihluti? Ég nota ýmiss konar fylgihluti sem ég skipti reglulega út, t.d. skartgrip, belti og húfur. Einn fylgihlut tek ég varla af mér en það er hringur sem er með Olsenmerkinu.



Húðvörur án ilmefna sem húðlæknar mæla með

Ráðgjafi í Lyfju Smáratorgi fimmtudaginn 5. október kl. 14-16



20% afsláttur



Lægra verð í Lyfju



Ekki greiða hárið blautt

Hárið er viðkvæmast þegar það er blautt og um 30 prósent teygjanlegra en þegar það er þurr. Því ætti alls ekki að greiða það fyrr en það hefur fengið að þorna. Af sömu ástæðu ætti ekki að setja það í tagl á meðan það er blautt. Hvort tveggja veldur sliti.

Ef hárið á það til að flækjast eftir þvott er gott að renna í gegnum það með puttnum, leyfa því að þorna og móta það svo með bursta og öðrum þar til gerðum hjálpartækjum.

Ekki er ráðlagt að byrja að blása hárið á meðan það er rennandi blautt. Best er að um það bil 60 prósent rakans séu gufuð upp. Því lengur sem notaður er hiti á hárið því líklegri er að það skemmist. Best er að þurrka það létt með handklæði og bíða með hárpurrkuna í 15-20 mínútur.

Aldrei skyldi nota sléttujárn á blautt eða rakt hár. Það hreinlega brennur upp og eyðileggst.



Stranger Things bolurinn skar sig úr á sýningu Louis Vuitton.

Stranger Things á sýningarpalli

Hönnunarstjóri Loius Vuitton, Nicolas Ghesquière, er greinilega ekki lítið spenntur fyrir annarri þáttaröð af Stranger Things. Á tísku-sýningu lúxusmerkisins, sem haldin var í París á þriðjudaginn var sást fyrirsæta í stuttermabol með mynd af auglýsingu fyrir þáttinn. Önnur sýrpa þáttanna verður frumsýnd á Netflix seint í þessum mánuði og Ghesquière þótti tilvalið að nýta tækifærið til að minna á þá.

Bolurinn var svartur og í gamaldags stíl, en skreyttur með lítilli áfasteri keðju við hálmálið.

Hönnuðurinn er þekktur aðdáandi visindaskáldsagna og bauð ungu aðalleikurunum í Stranger Things í skoðunarferð um höfuðstöðvar Loius Vuitton í fyrrihaust.

„Við ræddum saman og okkur fannst fyndið að hafa smá vísun í þáttaröðina sem er væntanleg á sýningunni,“ sagði Ghesquière. „Ég held að þetta hafi verið ein vinsælasta flíkin baksviðs.“


Burtu með g-strenginn

Konur ættu að gleyma blúndu-, silki- og g-strengsnærbuxum um þessar mundir. Nú eiga allir að ganga í þægilegum undirfatnaði, eftir því sem netsíðan Who What Wear segir. Einfaldar og þægilegar bómullarnærbuxur og brjósthalðarar án spanga og óþægilegs skrauts er málið. Best er að hafa þetta allt sem náttúrulegast. Samkvæmt WWW hafa undirfatafyrirtæki sem leggja áherslu á þægindi og góð efni aukið sölu sína umtalsvert að undanfögnu. Óaðlaðandi nærföt eru það heitasta. Sérstaklega hefur lifræn bómull orðið eftirsótt.

konur vilja einfaldlega þægileg undirföt. Þótt oft sé því haldið fram að þægileg undirföt séu ömmuleg og ljót er sú ekki raunin. Framleiðendur hafa sett á markað fallegan undirfatnað sem er um leið notalegt að klæðast. Þegar konur eru að fara eitthvað sérstakt fara þær í glæsilegri undirfatnað en alla jafna velja þær að klæðast vönduðum nærfatnaði úr gæðabómull. Flestar konur hafa prófað g-strengsnærbuxur og eru sammála um að þær eru ekkert sérstaklega þægilegar. Það er því best að taka Bridget Jones á þetta og horfa til nærfataskúfunnar hennar ömmu.



Burt með g-strenginn því nú eiga allir að klæðast þægilegum nærbuxum.



SOTHYS
PARIS

25%
AFSLÁTTUR
5.- 8. október

SOTHYS DAGAR Í LYFJU



ER HÚÐIN ÞÍN AÐ FÁ RÉTTA MEÐHÖNDLUN?

Sothys sérfræðingur veitir þér ráðgjöf og húðgreiningu eftirfarandi daga í Lyfju:

- Lyfju Smáralind í dag frá kl. 14 - 18.
- Lyfju Lág múla á morgun, föstudag, frá kl. 14 - 18.
- Lyfju Smáratorgi á laugardag frá kl. 14 - 18.

VEGLEG GJÖF!

Sothys snyrtitaska ásamt 75 ml Body Scrub og 75 ml Body Lotion fylgir með þegar keyptar eru Sothys vörur fyrir 5.000 kr. eða meira.*

*Gildir meðan birgðir endast.

Reykjanesbæ

Smáralind

Smáratorgi

Lág múla

Borgarnesi

Selfossi

Lyfja.is

Áhugi á íslenskri ull er mikill

Hulda Brynjólfsson, sauðfjárþingi og spunakona, rekur smáspunaverksmiðju að Tyrfingsstöðum ásamt eiginmanni sínum, Tyrfingi Sveinssyni. Verksmiðjan ber hið skemmtilega nafn Uppspuni.

Elin
Albertsdóttir
elin@365.is



Spunaverksmiðjan hóf starfsemi að Tyrfingsstöðum í júlí í sumar. Strax hefur hún vakið athygli bæði hér á landi sem erlendis. Hulda framleiðir þrjónagarn úr sérvalinni íslenskri ull í sauðalitunum. Þessa dagana er annatími í sveitinni en Hulda ætlar að gefa sér tíma til að vera gestur á þrjónakaffi Heimilisiðnaðarfélagssins í kvöld en þar hittist þrjónafólk yfir handavinnu.

Hulda segir að þau hjónin séu með sauðfjarrækt, um 250 kindur, og nýti alla ull af sínu fé til að búa til band. „Við stefnum að því að kaupa einnig ull af nágrannabændum. Okkar ullargarn er heldur mýkra en lopinn sem hefur verið seldur hér á landi. Með því að ráðast í að setja upp verksmiðjuna getum við komið fleiri afurðum af kindinni í verð. Þar fyrir utan hef ég mikinn áhuga á handverki og langar að viðhalda gömlum hefðum. Svo vill maður auðvitað auka virðingu fyrir þessu dásamlegu hráefni sem íslenska ullin er. Hún er alveg einstök,“ segir Hulda. „Ég hef alltaf þrjónað talsvert en hef þó ekki mikinn tíma til þess



Hulda er sauðfjárþingi. Hún leggur mikla áherslu á mjúka og góða ull.

um þessar mundir,“ bætir hún við. „Fyrir fimm árum fór ég að spinna á rokk og fékk mikinn áhuga á því. Stundum lita ég ullina líka. Ég hef selt garnið hér frá heimili mínu og í gegnum Facebook. Síðan erum við að vinna að því að setja upp heimasíðu þar sem garnið verður til sölu,“ útskýrir hún. „Ég ætla að kynna garnið og það sem við erum að

gera á þrjónakvöldinu og verð með sýnishorn fyrir þá sem hafa áhuga. Reyndar hefur áhuginn á garninu verið mjög mikill um allan heim. Ég hef fengið fyrirspurnir frá Evrópu, Ameríku, Ástralíu, Nýja-Sjálandi og Japan. Verksmiðjan er ekki stór og við erum nýbyrjuð með þessa starfsemi svo hún er enn í þróun. Áhugi á íslenskri ull er gríðarlega mikill og



Verksmiðjan hefur gengið vel og þrjónaáhugamenn og -konur hafa sýnt þessu nýja garni athygli. Fyrstu afurðirnar heita Hulduband og Dvergaband.

fólki finnst starfsemin spennandi.“

Hulda segir að það hafi verið dýrt að koma upp vélunum og það sé mikil vinna að halda verksmiðjunni gangandi. Við þurfum að mata allar vélnar og standa yfir þeim. Maðurinn minn er vélstjóri og aðstoðar mig við að halda vélunum gangandi,“ segir hún.

Hulda segir að margir ferðamenn, bæði innlendir og erlendir leggi leið sína á bæinn til að forvitnast um starfsemina. „Þetta er fyrsta svona verksmiðjan á landinu og algjört einsdæmi. Þeim, sem hafa sett svona verksmiðjur upp í öðrum

löndum hefur gengið vel og við vonum að sú verði raunin líka hér á landi. Við fengum styrki til að koma verksmiðjunni á laggirnar og erum bjartsýn á framhaldið,“ segir hún en Ístex tekur við allri ull frá bændum og spinnur í Álafossgarnið. „Ef bændur hafa áhuga á að vinna úr eigin ull hafa þeir þurft að senda hana til útlanda og hafa gert það,“ segir Hulda. „Þetta er búið að vera eins og lygasaga frá því ævintýrið byrjaði og hefur gengið mjög hratt og vel. Starfsemin hefur farið fram úr björtustu vonum og ekkert farið úrskeiðis.“

Við fögnum afmæli!

Bjóðum afmælislínu á frábæru verði. Glaðningur og uppákomur fyrir börnin um helgina.

Hlökkum til að sjá þig!

Minum einnig á
Kauplaup í Smáralind
og Kringlukast í
Kringlunni um helgina.
Góð tilboð!



Playboy kanínan lifir

Þegar Playboy-kóngurinn Hugh Hefner er horfinn til feðra sinna er gott að rifja upp hvernig Playboy-kanínan varð til.

Playboy-kanína er gengilbeina á Playboy-klúbbi. Eftir hæfnispróf voru fyrstu Playboy-kanínurnar frumsýndar við opnun Playboy-klúbbsins í Chicago árið 1960. Kanínubúningurinn var hannaður af Zeldu Wynn Valdes og Hugh Hefner með hliðsjón af heilla-kanínu Playboy-veldisins sem er íklædd smóking. Hann samanstendur af hlýralausu korseletti, kanínueyrum, svörtum sokkabuxum, hvítum kraga, þverslaufu, mansétu og loðnum dindli.

Hefner sagði sjálfur að innblásturinn að kanínu Playboy-veldisins kæmi frá veitingamanninum Bernard „Bunny“ Fitzsimmons sem rak veitingastaðinn Bunny's Tavern með léttklæddum gengilbeinum þar sem Hefner var tíður gestur á námsárum sínum við Illinois-háskóla í Urbana.



Smyrja húðina

Þurrkur í húð gerir iðulega vart við sig þegar kólnar í veðri. Rúttínan sem gagnadist vel við húðumhíróuna í sumar gerir ekki lengur saman gagn.

- Ekki hækka um of í ofnunum. Loftið inni verður þurr og þurrkar húðina.
- Gott er að setja upp rakatæki eða fylla krukku af vatni og stilla upp við ofninn.
- Ekki hanga lengi í brennheitri sturtunni þótt það sé freistandi á köldum morgnum. Heita vatnið þurrkar húðina. Notið milda sæpu án ilmefna.
- Eftir sturtuna er ráð að þurrka húðina ekki með kröftugum strokum og grófu handklæði heldur strjúka mjúklega og bera rakagefandi húðkrem á líkamann meðan húðin er enn rök.
- Berið rakagefandi handaburð á hendurnar eftir hvern þvott.
- Húðin á fótunum þornar oft meira á veturna og því gæti þurft að skipta yfir í þykkara krem á fætunna þegar haustar.
- Ef húðin er mjög þurr í andliti mátti hafa lengra á milli skrúbbmaskameðferða.

Töff treflar í vetur

Ef það er eitthvað sem fer aldrei úr tísku og nýtist sérlega vel þegar kólnar í veðri, þá er það hlýr og góður trefill. Fallegur trefill getur sett mikinn svip á heildarútlitið, hvort sem hann er litríkur, í mildum litum, með áberandi mynstri eða látlausu prenti. Þótt tiskan taki almennt breytingum frá ári til árs eru ekki miklar sveiflur í treflatískunni þennan veturinn nema hvað varðar liti. Í vetur verða rauðir treflar áberandi, enda

» Treflar fara aldrei úr tísku og setja flottan svip á heildarútlitið.

er rautt tiskuliturinn í ár. Treflarnir koma bæði einlitir eða með mjög stóru mynstri. Extra stórir treflar koma sterkir inn en þeir hafa líka þann kost að hægt er að slá þeim um sig og nota sem sjal innandyrna.



Treflar eru málið í vetur.

GUERLAIN

Guerlain kynning í Lyfjum & heilsu, Kringlunni 5. – 8. október

Við kynnum til leiks tvo nýja farða úr Lingeri De Peau línunni, Aqua Nude og Cushion Farðarnir eru léttir og rakagefandi.

20% afsláttur af öllum vörum frá Guerlain. Guerlain sérfræðingur verður á staðnum og aðstoðar þig við að finna hinn fullkomna farða fyrir þig.



NEW

LINGERIE DE PEAU
AQUA NUDE
WATER-INFUSED NUDE FOUNDATIONS

Ujoh á tískupöllum Mílanó

Japanski fatahönnuðurinn Mitsuru Nishizaki sýndi nýjustu línu, Ujoh, á tískuvíkunni í Mílanó á dögnum. Hann þykir hafa afslappaðan stíl.

Fatahönnuðurinn Mitsuru Nishizaki er fæddur 1978 í héraðinu Fukui í Japan, sem þekkt er fyrir textíliðnað. Héraðið var gjarnan kallað „Rayon konungdæmið“ og þekkt tískuhús eins og Chanel og Balenciaga sóttu þangað efni. Mitsuru fékk því snemma áhuga á tísku og lærði fatahönnun í Mode Gakuen í Tókýó. Tilviljun réði því að Mitsuru komst í kynni við japanska hönnuðinn Yohji Yamamoto. Mitsuru var á leið í bakpokaferðalag um heiminn og búinn að pakka niður þegar vinur hans kynnti þá tvo. Yamamoto var í leit að hönnuði í hlutastarf og réð hann strax í vinnu. Í sjö ár hannaði Mitsuru öll munstur og lagði línur fyrir Yamamoto. Árið 2009 setti hann á fót sitt eigið merki, Ujoh, og hefur á undanförunum árum vakið athygli fyrir töff hönnun úr gæðaefnum. Hann sýndi nýjustu línu sína á tískupöllum í Mílanó fyrr í vikunni.



Siffonblússa

Kr. 5.990.-

Str. S-2XL



Ríta




Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030



KÓRAR ÍSLANDS



MEIRI HRAÐI, SKARPARI MYND OG BETRA VIÐMÓT

APPLE TV Á 0 KR.

með 12 mánaða áskrift að völdum pökkum 365

Við hjá 365 leggjum metnað í að þú njótir fyrsta flokks skemmtunar á sem bestan hátt. Með **365 sjónvarp á Apple TV** færðu meiri hraða, skarpari mynd og enn betra viðmót í sjónvarpi framtíðarinnar.

Nánar á 365.is eða í síma 1817.

Nú getur þú fengið Apple TV 4 með áskrift að efni frá 365 og sparað tugi þúsunda því við bjóðum þér **Apple TV á 0 krónur með 12 mánaða áskrift** að völdum pökkum 365.

GILDIR TIL
8. OKT
EÐA Á MEÐAN
BIRGÐIR ENDAST

VALITOR

 MARGFALT SKEMMTILEGRI



365.is | **365**



Alltaf eitthvað nýtt
og spennandi

Stærðir 38-58

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Ný sending

Kjöll á 9.900 kr.
- stærð 36 - 46




Kjöll á
7.900 kr.
- stærð 38 - 44

Klíkið á myndir og verð á Facebook

black pepper
FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Opíð: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15

**JÓLABLAÐ
FRÉTTABLAÐSINS**

Stóra jólablaðið frá Fréttablaðinu kemur út þriðjudaginn 28. nóvember.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við auglýsingadeild Fréttablaðsins:

Símanúmer
512 5402

Netfang
serblod@365.is



FRÉTTABLAÐIÐ



Patience A. Karlsson í Afro Zone sem er ævintýraheimur þegar kemur að afrískum fléttum og hárlengingum. MYND/ERNIR

Heitar og exótískar

Í afrísku búðarhorni í Efra-Breiðholti stendur Ganamær og fléttar litríka lokka og perlur í hár kvenna á öllum aldri og af mörgum þjóðernum. Hún segir íslenskar konur heillaðar af afrófléttum og fögrum hárlengingum.

Þórdís Lilja
Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Afrófléttur hafa alltaf verið heitar og exótískar, en aldrei í tísku sem nú," segir Patience A. Karlsson, eigandi Afro Zone í Hólagarði í Efra-Breiðholti. Þar fást afrískir kjólar, skór og skart, í bland við framandi hráefni til matargerðar og brakandi ferskt grænmeti og ávexti sem Patience flytur inn til landsins og fæst margt hvert hvergi annars staðar.

Í afvikði horn Afro Zone setjast konur á öllum aldri í stólinn hjá Patience sem er meistari í afrískum hárlengingum og afrófléttum.

„Til mín koma litlar stelpur sem vilja fallegar, síðar fléttur með perlum, unglingsstúlkur sem vilja litríkar, skreyttar afrógreiðslur eins og þær sjá stjórnumar með, og svo konur á öllum aldri sem vilja hárlengingar, fléttur og skraut í hár sitt," segir Patience, sem hefur í nógu að snúast í hárgreiðsluhorninu, en þar þarf að panta tíma.

„Það tekur um átta tíma að flétta sítt hár og maður stendur upp á endann allan tímann. Mér finnst það bara gefandi og skemmtilegt!" segir hún og hlær dillandi hlátri í einstaklega vinalegu andrúmslofti.

Á veggjum Afro Zone er ríkulegt úrval af hárvörum; glansandi hárlengingar og hárkollur í mörgum litum, perlur, skraut, greiður, sjampó, hárnæringar og hvers kyns stílvörur í hárið.

„Afrískar konur leggja mikið upp úr flottum hárgreiðslum því hárgerð þeirra er afar hrokkin, stríð og ómeðfærlig. Erfitt er að greiða og móta hárið, og því nota þær fléttur eða hárlengingar til að gera hárið meðfærligra. Margar kjósa að flétta hárlengingar saman við hárkollur sem þær setja upp eins og húfur yfir kollinn, sem getur verið mjög hentugt og þægilegt," segir Patience á lýtalausri íslensku en hún er fædd og uppalin í Gana.

„Hvítar konur eru í meirihluta þeirra sem koma til mín í fléttur því sterk fléttuhefð er meðal svartra kvenna sem margar kunna að flétta sig sjálfar. Tiskan segir til sín og ekki spilla fyrir áhrif fræga fólksins sem



„Það tekur um átta tíma að flétta sítt hár. Maður stendur upp á endann allan tímann en mér finnst það bara gefandi og skemmtilegt.

sýnt hefur sig með fléttur og litríkar hárlengingar að undanfögnu. Vinsælast er að flétta áberandi litum inn í flétturnar, ásamt perlum, skrauti og þykkum snúningum," segir Patience sem fylgist vel með afrískum tiskustraumum, eins og úrvalið í Afro Zone ber glöggt vitni.

Afro Zone er í Hólagarði, Lóuhólum 2-6, í Efra-Breiðholti. Sjá nánar á Facebook, undir Afro Zone.

Smáauglýsingar

512 5000

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Suzuki fjörgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

SUZUKI UMBODIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

BÍLAHÖLLIN

S: 567-4949



KIA Sorento luxury diesel. Árgæð 2013, ekinn 35 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Bakkmyndavél. ISOFIX festingar. Verð 4.690.000. Rnr.151931.



TOYOTA Rav4 gx. Árgæð 2016, ekinn 14 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Bakkmyndavél. ISOFIX festingar. Verð 4.830.000. Rnr.151961.



HONDA Cr-v executive diesel. Árgæð 2016, ekinn 24 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Glerþak. Bakkmyndavél. Verð 5.850.000. Rnr.151969.

BÍLAHÖLLIN

S: 567-4949



TOYOTA Land cruiser 150 vx diesel 33". Árgæð 2016, ekinn 6 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Motta í skotti. Dráttarkrúkur. Verð 10.890.000. Rnr.151649.

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is

Bílar óskast

0-250 STAÐGREITT

Vantar bíl á verðinu 0-250. Skoða allt. Jeppa, fólkubíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 760 5027

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Hjólbarðar



NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

Þjónusta

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Nudd

Slökurnudd, heilsunudd á nuddstofunni á Grafarvogi. Timapantanir í Síma 771 2117.

Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing




FAST Ráðningar

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is www.fastradningar.is



PEUGEOT
107
Nýskráður 1/2014, ekinn 17 þús.km., bensín, 5 girar.
Verð kr. 1.190.000



CHEVROLET
Lacetti Station
Nýskráður 1/2005, ekinn 169 þús.km., bensín, 5 girar.
Verð kr. 390.000



Verð kr. 1.690.000
Honda Jazz Elegance
Nýskráður 4/2012, ekinn 42 þús.km., bensín, sjálfskiptur.



HONDA
CR-V Executive
Nýskráður 5/2016, ekinn 22 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 5.490.000



SUBARU
Outback
Nýskráður 4/2008, ekinn 162 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.750.000



HONDA
CR-V Elegance
Nýskráður 6/2011, ekinn 95 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.590.000



HONDA
CR-V Executive
Nýskráður 10/2013, ekinn 58 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 4.090.000



HONDA
Civic Comfort
Nýskráður 4/2016, ekinn 28 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.590.000



RENAULT
Clio Touring
Nýskráður 7/2014, ekinn 62 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.890.000

Afgreiðslutími

Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00

Laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00

notadir.bernhard.is opið allan sólarhringinn



Bílaþjónustanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

Hafðu samband við söluráðgjafa um fjölbreytt lánakjör og fjármögnunarléiðir.

Málarar

Getum bætt við okkur inni verkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

REGNBOGALITIR

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Nýmálun, endurmálun, spórtlun, lökkun og fl. Vönduð vinnubrögð og snyrtileg umgengni. Hrólfrur Ingi Skagfjörð löggiltur málrameistari Upplýs, malarar@simnet.is, Sími 891 9890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikkaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

Tek að mér smíðar, raflagnir og pípuþagnir. Löggildur verktafi. Uppl. í s. 848 6904

Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSID

Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla

Visa 566 7311 euro

Tímabantanir í síma 8694650

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímaakerfi, töfluskripti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Önnur þjónusta



VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMÉDFERÐ.

Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleidsla er gott verkfæri til betri heilsu.

Tímabantanir í síma 864-1273

Keypt & Selt

Til sölu



SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www.humarsalan.is Pöntunarsími: 8676677

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

Skólar & Námskeið

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

á minna en 7 m2. Ódyrt eftir það. S: 564-6500

Hönnun

icePatent

RAFLAGNATEIKNINGAR

Önnust gerð raflagnateikninga fyrir íbúðir og húseignir.

Upplýsingar í síma 852 2090, lcePatent@outlook.com www.lcePatent.is

Atvinna

Atvinna í boði

HOUSEKEEPERS

Apartment Hotel in 101 Reykjavik seeks full time and part time housekeepers.

Please send applications to: jobs@apartmentk.is

WORKERS

I need workers for outside work. Good payment for good men. Potrzebni ludzie do pracy na zewntraz przy ukladaniu kostki itp. Bardzo duzo pracy.

For more infomation call 696 6676 bjossi@bjossi.is

LITALÍNAN EHF

Óskar eftir lærðum málurum og menn vana málningarvinnu einnig nema. Uppl. í S. 898 9591 & 896 5445

333 kr á dag*

SKEMMTIPAKKINN

*9.990.- á mánuði.

365.is | Sími 1817

EIGNIR Í NÁGRENNINU

Kaupa Leiga

Tegund húsnæðis

Einbýli Raðhús Parhús

Hæð Fjölbýli Atv. húsn.

Rádus frá þinni staðsetningu

1.5 Km

Verðbil

20 M 45 M

Nýtt í dag Nýtt í vikunni

Endursetja Áfram

Fáðu þér appið!

www.fasteignir.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Hjólbarðaviðgerðir
Smurbjónusta
Bremsur
Demparar
Rafgeymar
o. fl.

Gylfafiöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is

GENERAL HJÓLBARDAR

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

vélastilling

Audbrekku 19 - 200 Kópavogi - Sími 554 3140 - velastilling@simnet.is

Alhliða bílaverkstæði

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Verið hjartanlega velkomin.

Tímabantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

ishúsið

S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Öryggismyndavél fyrir sumarþustað og heimili.

Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörn í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.

Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is